

Fundur 11.11.2024 dr. Helgi Pjeturss

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Það verður nú ánægjulegt, kæru félagar, að það verði eins og stundum var hér áður að ég lokaði fundunum eða opnaði þá, en hef ég þó spurnir af því að þið hafið aðra tengingu sem lokar fundunum, og er það gott.

En finn mig magnaðan hér í framlífi og vil gjarnan að þið njótið þess og það er nú ekki alltaf sem ég kemst í gegn, og vil leyfa öðrum að njóta þess og var ég þess fullviss að ég kæmist hér í gegn í kvöld.

Og vil ég lýsa bjartsýni með starf ykkar og ánægju og því miður kemst ég ekki til að lýsa smá atriðum hér í kvöld. Það er fyrir mestu að fá orku í hópinn og það er svo margt sem truflar ykkur.

Enda eru þið að vinna svo mikilvægt starf í þágu alls mannkynsins, og svo mörg öflin sem trufla, og bjartar framtíðar horfurnar engu að síður og finn ég skýrt og greinilega að ýmis konar gömul mótstaða er að láta undan í erlenda vísindaheiminum.

Og hef ég langa reynslu af því að spurja þá á framlífs foldunum, hvernig gangi að liðka fyrir framkomu þessa máls. Og hef ég ástæðu til að ætla að bjart sé framundan og von sé á auknum árangri.

En einmitt á slíkum tímum eru ýmiskonar helstefnu áhrif sem trufla, og því ekki hægt að búast við að það gangi áfalla laust.

En hef ég haft samband við vísindamenn og trúmenn til jafns, og eru þeir sérlega bjartsýnir um að vísindasamfélagið sé að taka við sér, en þá eru það aðrar ógnirnar, sem ég get ekki farið út í.

Reyndum við að koma hér á ýmiskonar samböndum.

Af mér er ýmislegt að segja og hef ég hér góða vist, og lentum við í samskonar örðugleikum og lýst var hér hjá ykkur, á árum áður. En er það nú að komast í rétt horf, og finn ég nú að þið standið á tímamótum að endurnýja starf ykkar.

Og annað hvort verður íslenska þjóðin að taka á móti þessum miklu framfara kenningum, eða stefna í enn verri helstefnu, og má það ekki gerast.

Hef ég haft gott samband við eina helstu stuðningsmenn mína og ættingja ykkar og hafa þeir sömu sögu að segja og margir.

Að árásir frá helstefnu jörðunum eru sérlega þungar og erfiðar, þegar árangur er í nánd.

Og þótti mér einkar vænt að heyra að Kaaper talar hlýlega um mig, hér á fundi við ykkur og höfum við sættst, og hefur hann unnið að ýmsum þjóðþrifamálum, og á sér merkilega sögu.

Einnig er það svo að Þorvaldur Thoroddsen hefur náð að auka vit sitt og hæfni, og hefur náð að auka víðsýni sína um sögu jarðarinnar sem hann byggir, og tileinkað sér nýjar aðferðir að skilja framvindu sögu jarðanna betur.

Og myndi ég gjarna vilja koma að því við tækifæri, hvernig ég hef gefið mér tíma til að sinna jarðfræði rannsóknum hér á þessum hnetti einnig, og bætt nokkuð við þekkingu mína.

Og er það sérlega áhugavert að kynna sér þróun hnattanna og hvernig hægt er að rannsaka betur þá ferla og hafa áhrif á þá.

Ég lenti í ákveðnum vandamálum eins og fleiri, en það er nú að baki, og höfum við að vísu einnig lent í því að sitja hér fundi, þar sem helstefnu öflin hafa komið fram með neikvæð skilaboð, og því mikil ástæða til að styrkja ykkur að komast hjá þeim örðugleikum og sigla jarðarfleyinu til gæfu.

Og get ég því miður ekki komið inn á öll þau atriði að sinni, en nægir mér að segja að ég hef hlustað á spámenn og spákonur á þessum hnetti, sem hafa lýst mörgum framvindum.

Vona ég að mér gefist tækifæri til að svara einni eða tveimur spurningum, dr. Helgi Pjeturss.

*Já blessaður.*

*En þú heldur að þetta sé alveg að gerast hjá okkur, að ná árangri ?*

Ja, ég get ekki gefið tímasetningu, en ég er að segja að það þetta er langt ferli og erfitt, og verður að takast í mörgum áföngum, en hef fregnir af því að stórstígar framfarir í vísindum og jafnvel umbreytingar í trúmálum í umburðarlyndari átt, séu ákveðinn jarðvegur fyrir gott gengi og stuðning við þennan málstað, en það verður ekki allt unnið á einni nóttu eins og sagt er.

*Nei nei, en eigum við ekki að halda okkar striki ?*

Jú, jú, ég er mjög ánægður með það og vil lýsa fullum stuðningi við miðla ykkar og þann sem starfar og viljum reyna, ef þið viljið fá fleiri miðla og slíka tilraunafundi, en vitum ekki hvernig það gengur, en vil lýsa mikilli ánægju með starf ykkar og þá sanna list sem ég hélt fram, að þar sem sambandsmálin eru skoðuð á þennan hátt, næst meiri árangur.

Finnst okkur þó leitt að rof hefur verið á starfinu og er það ekki alveg á okkar valdi, en viljum hvetja ykkur áfram.

Og já, margt sem ég kemst ekki inn á hér í kvöld, en þetta ætti að nægja, Þorsteinn og Ingvar biðja báðir að heilsa og margir af ykkar ættingjum, læt þetta næja að sinni.

Þakka fyrir mig, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir, vertu sæll.*